



## Greinargerð um síldarverksmiðjur og síldarvinnslu, merkt Jóni Fannberg, ódagsett

---

Bjarni Benediktsson – Greinargerð um síldarverksmiðjur og síldarvinnslu, merkt Jóni Fannberg – Íslenski fiskifloftinn – Herpinót – Útflutningsverðmæti – Vöntun – Bræðslusíld – Kveldúflur – Hjalteyri – Siglufjörður – Seyðisfjörður – Ólafur Jóhannesson – Steindór Hjaltalín

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Jon Fannberg

71

Fyrir 12-14 árum síðan gátu starfandi síldarverksmiðjur í landinu ekki unnið úr nema um 4000 málum af síld á sólarhring. 1936 voru starfandi síldarverksmiðjur sem unnið gátu úr samtals 16000 málum á sólarhring. Síðan Íslendingar hófu síldveiði með herpinót fyrir alvöru hefir vöntun á móttöku-tækjum fyrir veiðina altaf verið svo tilfinnanlegur að svo má segja að flotinn verði að hætta þegar strax og síldin gefur sig almennt til. Skipin bíða 4-6 sólarhringa eftir losun á farni sem ~~þeir~~ þau þurftu ekki nema einn dag eða jafnvel nokkra klukkutíma til að veiða. Síldin skemmist við það, orýrnar og verður verri til vinslu og gefur lakari framleiðsluvörur.

Sumarið 1936 kom 10 daga veiðikafli sem síldin var ör og nærtæk, og hefir verið reiknað út að íslenski fiskiflotinn hafi þá tíu daga mist af veiði sem nemur minst 200 þúsund málum af síld. Hefir verið skrifað um málið í blöðunum og enginn vafengt þá áætlun. Tala veiðiskipanna (herpinótanna/) var 140 netur. Útflutningsverðmeti þessarra 200 þúsund síldarmála mundi í fyrra hafa numið 2 ca. 2 ~~2~~ mill. krónum, og atvinnuaukning landsmanna við þá veiði, (útflutningur umfram innflutning) minst 1 mill 500 þús. kr. Slíkir veiðikafflar hafa komið á hverri síldarvertíð síðustu 10-15 árin og stundum fleiri og lengri á hverri vertíð. Vöntunin á auknum verksmiðjum er því ekki nýtt fyrirbrigði heldur síendurtekin staðreynd. Til þessa hefir þáttaka landsmanna í veiðunum, eða afkast fiskiflötans aukist jafnmikið og verksmiðjurnar hafa verið auknar og því hefir þörfin fyrir stórkostlega aukningu altaf verið jafn knýjandi. Tekjuvon sjómanna byggist mestmegnis á síldveiðinni og þá fyrst og fremst á bræðlusíldinni.

Ríkið blandaði sér í málið og lét byggja verksmiðjur á Siglufirði. Sú fyrri var byggð 1929 og vinnur úr 2500 málum og kostaði 400 þúsund, raunar með viðgerðum síðar 800 þúsund. Sú síðari var byggð 1935 og kostaði 1100 þús. til 1200 þúsund, og átti að geta unnið úr 2500 málum, mun reyndar enn ekki hafa komist hærri en í 2000 mál. Á sama árinu var byggð verksmiðja á Djúpuvík af einstaklingum og er hún nú fullgerð, þ ræðir 5000 mál á sólarhring og kostar 1100 þúsund. Ríkisverksmiðjurnar báðar kosta þannig í stofnkostnaði 5-600 krónur á hvert mál sem þær geta unnið úr á sólarhring en verksmiðjan á Djúpuvík, sem einstaklingar hafa byggt, kostar ~~220~~ 220 krónur á hvert mál sem hún vinnur úr á sólarhring. Eitthvað á að endurbæta ríkið í sumar þannig að afköstin aukist, en vart mun það verða svo mikið að ríkisverksmiðjurnar



verði ekki eftir sem áður meita en tvöfalt hærri í stofnkostnaði miðað við afköst, heldur en hin nýjasta einstaklingsverksmiðja er. Nú er verið að byggja nýja verksmiðju á Hjalteyri og á hun fullgerð að hafa tvöföld afköst móts við Djúpuvíkurverksmiðjuna, þegar hún er fullgerð, eða 10 þúsund mál á sólarhring og verður tiltölulega miklu ódýrari en Djúpuvíkurverksmiðjan eftir stærð.

Vinningurinn við að byggja verksmiðjurnar stórar er sá að þær vinna eftir því ódýrar sem þær eru stærri. Munar þetta svo miklu að fullyrða má að ríkisverksmiðjurnar þurfa altaf að fá 1 krónu meira í vinslukostnað á hvert síldarmál heldur en Djúpuvíkurverksmiðjan, eða með öðrum orðum verða að greiða 1 krónu minna fyrir hráefnið ~~meðan~~ til þess að fá sömu afkomu. Sannaðist þetta í fyrra eða þó freklega það, því ríkisverksmiðjurnar munu ekki hafa hagnað nema um 70 auru á hvert mál en Djúpuvík um 2,50 á hvert mál. Mismunurinn hjá Hjalteyrarverksmiðjunni verður ennþá meiri ~~meðan~~ ef alt verður með eðlilegum hætti. Mismunurinn á því hvort síldin verður framvegis unnin í ríkisbygðum eða einstaklingsbygðum verksmiðjum, verður eftir þessarri reynslu minnst 1 króna á hvert mál en það nemur á annað hundrað krónum á hvern hásetahlut að meðaltali fyrir öll bræðslusíldarveiðiskip á landinu á hverju ári. Þó verður þessi mismunur ennþá meiri ef miðað er við Hjalteyrarverksmiðjuna sem nú er í smíðum.

Annað atriði til viðbótar er þó hér ótalið, það að hinar nýju verksmiðjur, ríkisverksmiðjan þó undanskilin, hafa sjálfvirk löndunartæki sem stytta losunartíma togara úr 24 stunda óþrífalegri þrælavinnu fyrir alla skipshöfnina í 6 stunda léttings vinnu fyrir þriðjung skipshafnarinnar, og auka þar með tíma þann sem skipin hafa til veiðanna og valda því að skipverjar eru allir óþreyttir til nýrra veiðitilrauna er þeir koma úr höfn í stað þess að vera ~~er~~ yfir sig þreyttir af striti við losunina.

Með þessar staðreyndir fyrir augum sér hefir stjórn ríkisverksmiðjanna með þingmann Ísafjarðarkaupstaðar í broddi fylkingar og ríkisstjórnina að bakhjarli ~~hefir~~, gert allt sem í hennar valdi hefir staðið til þess að ekki verði byggðar nema smáar verksmiðjur þetta frá 200 málum á Sólarhring (Hólmavík) uppí 1500 mál, mest 2500 mál, sem stjórn verksmiðjanna mælti með að leyfð yrðu á Hjalteyri. Að vísu tryggist hún ekki til þess að mæla móti því að Djúpuvík fengi í vetur að setja niður 2500 mála vélar í verksmiðjuna þar sem verkmiðjan hafði í fyrra að öllu leyti verið sniðin fyrir þá stækkun. Með því hefir hún gert sitt ýtrasta til þess að hindra að skipverjar á síldveiðiflotanum fengju



III.

að njóta ávaxtanna af framsýni einstakra manna í síldariðnaðarmálinu, sem kemur fram sem á annað hundrað króna hlutarhækkun hjá hverjum óbreyttum háseta á hverju ári. Og þetta gerir stjórn verksmiðjanna, annaðhvort af einberri heimsku eða til þess að fyrirbyggja að hinar nýju framfarir einstaklinga í iðnaðinum kasti ekki skugga á steinaldarfyrirkomulag ríkisrekstursins í höndum þeirra.

Að sögn kunnugra hækkar þáttakan í veiðinni í sumar enn frá því sem var í fyrra, úr 140 herpinótum í 160 herpinötur eða yfir það, hinsvegar eyket afkast verksmiðjanna nokkuð: Nýja ríkisverksmiðjan 1000 mál, Sólbakki 1000 mál Djúpavík 2500 mál eða alls 4500 mál. Seyðisfjörð (600 mál) tel ég ekki því hann liggur svo langt frá síldveiðisvæðinu að ekki kemur að notum nema einstaka skipi í einstaka tilfelli, og Hjalteyrarverksmiðjan verður töplega búin í tæka tíð. Er því sjáanlegt að aukningin verður lítið meira en fyrir þau 20 skip sem sagt er að bætist við, þar sem mikið af þeim munu vera togarar og önnur stór veiðiskip.

Sé nú þetta ástand borið saman við framkomu ríkisstjórnar og verksmiðju-  
stjórnar, þá verður hún alveg undraverð. Atvinnunáðlaraðherre ~~xxxxxxkxkxkx~~  
gefur  
xatxar, eftir tillögu verksmiðjustjórnar, Kveldúlfur vonir um byggingarleyfi  
fyrir 2500 mála verksmiðju, ef hann sanni fyrir 28 febrúar að féð liggi á borð-  
inu, auðvitað í trausti þess að Kveldúlfur geti ekkert fé fengið og búið verði  
að slátra honum fyrir þann tíma. Þegar svo féð er fengið 5-10 mars segir ráð-  
herrann, nei góði minn þú komst of seint og færð ekki leyfið. Og þegar loks að  
þingið tekur af skarið, kemur Finnur litli, þingmaður sjómanna á Ísafirði og  
eðsti vermdari síldarútvegsins í landinu, með tillögu um am leyfið skuli þó tak-  
markað við 2500 mál á sólarhring.

Þetta er nú skárri hliðin á framkomu rauðliða í garð síldveiðanna og  
síldariðnaðarins. Þeir komu því til leiðar að x einstaklingar þyrftu að sækja  
um leyfi til þess að reisa síldarbræðslur, og notuðu þau lög til þess að hindra  
algerlega byggingu verksmiðja. Þannig fékk Ólafur heitin Jónhannesson á Patreks-  
firði ekki leyfi til þess að byggja karfaverksmiðjuna nema mað því skilyrði e  
að verksmiðjan ynni ekki úr síld. Steindór Hjaltalín fékk tvisvar á sama árinu  
synjun við umsókn um leyfi til þess að byggja 1500 mála verksmiðju á Siglufirði.  
Þetta mun hafa verið árið 1935. Þetta var borið á Finn á þingi Alþýðusambands-  
ins í haust, en hann sagði það helberta lýgi. Neiti hann þessu aftur á þingmála-  
fundum nú, veri hægt mað x nokkrum fyrirvara að reka í nefnið á honum synjunar-



bréfin sjálf eða ljósmyndir af þeim.